

Að minnsta kosti einu sinni á vetri mun áfangastjóri taka saman tölfraeðileg gögn um nemendur sem gagnlegt þykir að skoða, s.s. brottfall, námsárangur, skólasókn o.fl. Verða þessi gögn m.a. notuð til að sjá hvernig betur megi koma til móts við nemendur, hverjar ástæður brottfalls eru og hvernig megi minnka það, hvort munur er á milli brauta, árganga, kynja o.s.fv.